

Semí-dúx Menntaskólans

Marelle Mäkelte varð semí-dúx Mí í ár með 9,37 í einkunn. Hún flutti til Ísafjarðar fyrir nokkrum árum frá Eistlandi. Hana langar til að verða gömul kona í þorpi út í skógi.

— sjá bls. 14 og 15.



Nauðsynlegt að eiga kjóla fyrir hvert skap

Lísbet Ólafar Harðardóttir á Ísafirði er mikill kjóla-safnari. „Mig langar mest í kjól úr þögn, þegar ég er búin að eignast þennan úr eldinum. En ég á einn úr lofti og átti líka einn úr vatni, en hann bráðnaði,“ segir Lísbet í samtali við BB. Lísbet segir frá kjólaáhuganum og listinni í skemmtilegu viðtali við Hringiðuna.

— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 6. júní 2013 · 22. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Ungur nemur, gamall temur!



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband
sími: 456 6600



**SÓLVARNARGLER
HANDRÍÐ &
SKJÓLVEGGIR**



Span
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Feðgarnir Hugh og James Lipscombe á Ísafirði.

Samstarf í tvo áratugi

Veitingastaðakeðjan Fish'n'Chicken og Hraðfrystihúsið Gunnvör hafa átt í farsælu í samstarfi síðustu tvo áratugi. „Þegar við byrjuðum að vinna með HG vorum við með fjóra veitingastaði en nú eru þeir orðnir 38 svo að það má með sanni segja að við höfum byggt fyrirtækið upp á gæðum vörunnar. Við seljum í kringum 35 þúsund fiskskammta á viku og viljum gefa viðskiptavininum það besta sem er í boði og það er fiskurinn frá HG,“ segir James Lipscombe framkvæmdastjóri Fish'n'Chicken en hann

heimsótti fyrirtækið heim um helgina ásamt föður sínum Hugh Lipscombe, einum stofnanda og stjórnanda fyrirtækisins. „Við trúum staðfastlega á að gæði hráefnisins skipti mestu máli og að besta varan komi frá Íslandi. Fiskurinn sem við fáum frá HG er sá besti sem fæst á markaðnum í dag,“ segir Hugh.

Á tuttugu ára samstarfsferli hafa myndast sterk tengsl milli forsvarsmanna Fish'n'Chicken og HG-manna. „Okkar reynsla af því að vinna með Íslendingum er mjög góð. Þeir eru mjög fag-

mannlegir og heiðarlegir,“ segir James og Hugh tekur undir það. Bretarnir koma árlega til Íslands til að heimsækja fyrirtækið og segja þeir feðgar að allir hlakki til ferðanna enda séu þær engu líkar. „Við heilsum upp á áhöfnina á Júlíusi Geirmundssyni og heimsækjum fyrirtækið enda höfum við myndað góð vinatengsl við stjórnendur þess. Það eru myndir af veitingastöðum okkar um borð í skipinu og ég held að það auki tengslin, að mennirnir geti séð hvert fiskurinn sem þeir veiða fer. Og sömuleiðis erum

við með myndir af áhafnameðlimum á veggjum veitingastaðanna svo að viðskiptavinurinn sjái hvaðan fiskurinn sem hann borðar kemur,“ segir James. „Okkur finnst við líka hafa tengsl við samfélagið í heild og erum til að mynda með merki Fish'n'Chicken við knattspyrnuvöllinn á Torfnesi,“ bætir Hugh við.

Forsvarsmenn Fish'n'Chicken hafa miklar áhyggjur af óvissu í íslenskum sjávarútvegi og fylgjast grannnt með framvindu mála hvað varðar fiskveiðistjórnun í landinu. „Það skiptir fyrirtækið okkar miklu máli að þorskvinnsla verði áfram í fararbroddi í íslenskri fiskvinnslu,“ segir Hugh

og James bætir við. „Við höfum í hyggju að stækka fyrirtækið á næstu árum og því er mikilvægt að við getum haldið áfram okkar góða samstarfi við HG því að íslenski fiskurinn sem frystur er beint í frystitögurum er sá besti sem völ er á.“

Fyrirtækið býður ekki aðeins enskum viðskiptavinum sínum upp á íslenskan fisk heldur teygir það einnig anga sína til Frakklands, Sviss, Rússlands og Möltu. „Við stefnum á að opna fyrsta alþjóðlega staðinn í Sviss eftir tvo mánuði svo það eru spennandi tímar framundan hjá fyrirtækinu okkar,“ segir James Lipscombe.



Ferð í Selárdal 15. júní 2013

Dagsferð fyrir félagsmenn Verk Vest og maka þeirra í Selárdal í Arnarfirði laugardaginn 15. júní n.k.

Lagt verður af stað með rútu frá Landsbankaplani á Ísafirði kl. 10:00

Komið verður við á Bildudal. Þar er m.a. hægt að skoða Skrimslasafnið og Melódiur minninganna. Þaðan verður farið í Selárdal með leiðsögumanni.

Snæddur kvöldverður í Sjórnæingjahúsinu á Patreksfirði.

Áætluð heimkoma um kl. 22:00

Verð kr. 6.900,- (Rúta, nesti, leiðsögn og kvöldverður)

ATH: Takmarkaður sætafjöldi!

Skráning hjá Verk Vest í síma 456 5190 fyrir 11. júní.



Myndir úr Selárdal teknar 2007

Lenti í snjóflóði í Lónafirði

Halldór Hreinsson, einn af eigendum og framkvæmdastjóri Fjallakofans í Reykjavík lenti í snjóflóði í Lónafirði í Jökulfjörðum í síðustu viku. Halldór er nýkominn úr ævintýrlegri fjallaskíðaferð í Jökulfjörðum með góðum vinum, en þeir ferðuðust í fimm daga á vegum Skútusiglinga, Borea Adventures. Þegar hann fór síðustu brekkuna niður í fjöruna innst í Lónafirði lenti hann í snjóflóði og náði Árni Sæberg ljósmyndari Morgunblaðsins að festa atburðinn á filmu. Halldór segist hafa farið þessa brekku nokkrum sinnum áður og að hann hafi áttað sig á því að möguleg hætta gæti verið á flóði. Árni Sæberg, ljósmyndari Morgunblaðsins náði myndum af því þegar Halldór lenti í snjóflóði í Lónafirði. Frá þessu er greint á mbl.is.

„Við vorum þrír og þessi síðasta brekka er ekki í miklum halla og liggur því vel við þeim sem eru á skútunni og eru að horfa og mynda,“ segir hann. „Ég var meðvitaður um að snjórinn sem þarna var gæti farið með mér; þetta var algjört smjör og sannkallað vorfæri. En ég var líka viss um að af því stafaði engin hætta, því þetta var ekki sá

halli og ekki þannig snjór. Ég var líka með tvo félaga fyrir ofan sem biðu þess hvað verða vildi, tveir sátu í fjörunni og fylgdust með og fleiri voru á skútunni. Það vantaði því ekki áhorfendur. En auðvitað var ég með snjóflóðaylinn, stöngina og skófluna.“

Þar vísar Halldór til þess búnadars sem allir fjallaskíðamenn þurfa að hafa, en lenti þeir í snjóflóði gefur yfirinn frá sér merki svo það megi finna þá hratt og örugglega, stangirnar eru notaðar til að staðsetja þá í flóðinu og skóflurnar til að grafa þá upp – nema hvað.

En Halldór segist ekki hafa heyrt í flóðinu fyrr en það var við það að hrífsa hann með sér. „Og ég var ekki kátur með það, þar sem ég er ekki þekktur fyrir að detta!“ segir hann brosandi. „Ég var með tvöfalt, hárband og húfu, þannig að ég heyrði ekki í því. Það var hljóðlaust og læddist inn á mig. Þetta var tiltölulega grunnt flóð, en sama hvar menn eru þá er nauðsynlegt að hafa varann á. Við vorum búnir að taka snjóprófla á efri leiðum, þar sem við höfðum farið um, og það var ekki mikil snjóflóðahætta á þessu svæði.“

BRJÁLUÐ TILBOÐ

GARÐADAGAR Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

**25%
afsláttur**

Harpa Sjöfn
ÚtiteX

ÚtiteX 10 ltr.

6.799 kr.

fullt verð 8.499 kr.

Harpa Sjöfn
ÚTITEX
AKRYL
5
10 ltr.
Akrylmálning á múr úti
Hvít

**20%
afsláttur**

Viðarvörn



**20%
afsláttur**

Allar
sláttuvélar*

Bensín sláttuvél

44.795 kr.

fullt verð 55.995 kr.



**20%
afsláttur**

Útivistarfatnaður



**20%
afsláttur**

Öll
garðhúsgögn*

Garðstóll Toledo

9.990 kr.

fullt verð 12.490 kr.



**SÝPRIS
799 kr**



**25%
afsláttur**

Allar
hekkklippur*



**20%
afsláttur**

Bugg gasgrill

Bugg ferðagrill

44.900 kr.

fullt verð 55.900 kr.



**Útipottar
30%
afsláttur**

**Sólboði
699 kr**

**Nellika
299 kr**



blómaVal



HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

Tilboð gilda ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ eða öðrum tilboðum

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Milljarða framkvæmdir í Ísafjarðarbæ

Óvenju mikið er um stórar og umfangsmiklar framkvæmdir og fjárfestingar í Ísafjarðarbæ á næstu misserum. Um er að ræða verkefni sem sum hver hlaupa á hundruðum milljóna króna. Landsnet og Orkubú Vestfjarða hyggjast reisa 320m² hús að Skeiði 7 sem á að rúma allan þann búnað sem Landsnet verður með á svæðinu auk spenna frá Orkubúinu. Áætlaður kostnaður við verkið er um hálfur milljarður króna. Þá hyggst Orkubúið reisa nýja virkjun í Engidal og er áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir um 355 milljónir króna.



Miklar framkvæmdir eru framundan á Ísafirði.

Heildar fjárfesting Orkubúsins á svæðinu nemur um 986 milljónum króna á árinu.

Framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili á Ísafirði hefjast í sumar og er áætlaður byggingarkostnaður um 400 milljónir króna. Þá mun bygging ofanflóðagarðs neðan Gleidarhjalla í Skutulsfirði kosta svipaða fjárhæð. „Stór hluti af þessum framkvæmdum eru margra ára verk-


efni eins og hjúkrunarheimilið sem tekur tvö ár í byggingu. Vinna við ofanflóðavarnargarðinn er sennilega þriggja ára verkefni. Það er því útlit fyrir að hér verði nóg að gera næstu 2-3 árin í það minnsta,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Fleiri verkefni munu vera í farvatninu s.s. gerð olíubirgðastöðvar á Mávagarði og eigendur Húsasmiðjunnar skoða nú mögu-

leika á reisa nýtt húsnaði fyrir Húsasmiðjuna og Blómaval.

Þá stendur til að reisa fjölbýlishús með ellefu íbúðum við Sindragötu og úthlutað hefur verið lóð undir veitingahús við höfnina. Framkvæmdum við Hótel Horn í gamla Kaupfélagshúsinu er svo gott sem lokið og mun hótelið opna 1. júní. Einnig á að reisa tuttugu smáhýsi í Tungudal ef allt gengur eftir en lóðir undir

þau eru í deiliskipulagsvinnu.

Ljóst er að allar þessar framkvæmdir munu skila töluverðri veltu og uppbyggingu á svæðinu. „Þetta er ótrúlega gleðilegt og maður sé þetta líka bara á tölu- um, ásóknartölum í skólana og tékkheftinu hjá bænum. Við höfum séð að útsvarið hefur verið mjög gott það sem af er þessu ári. Þetta er svakalega jákvætt allt saman,“ segir Daníel.



Ferðablaðið Vestfirðir 2013 komið út

Ferðablaðið Vestfirðir sumarið 2013 er komið út. Um er að ræða upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út nítjándra sumarið í röð og liggur frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks víðs vegar um land allt. Í blaðinu má finna upplýsingar um ferðapjónustuaðila á Vestfjörðum, helstu ferðamannastaði og annað sem ferðamanninum leikur forvitni á að vita um Vestfirðir. Finna má mikinn fróðleik um fuglalíf og náttúrulíf á Vestfjörðum í blaðinu, sem og viðtöl við þjóðþekkt einstaklinga um þetta merkilega landsvæði ásamt úttekkt á viðburðum sumarsins.

Ritstjóri blaðsins er Sunna Dís Másdóttir. Í ritstjórastílnum segir hún að enn eiga margir eftir að heimsækja Vestfirði og komast í snertingu við hinn kynngimagnaða kraft sem þar býr. Því er eins farið með ástæðurnar til að heimsækja Vestfirði og eyjarnar á Breiðafirðig.

Ferðablaðið verður einnig aðgengilegt á forsíðu bb.is.

– hordur@bb.is

Hrafnseyri undir forsætisráðuneytið

„Ég er ánægður með það, ef Hrafnseyri færir aftur undir forsætisráðuneytið,“ segir Valdimar J. Halldórsson, staðarhaldari að Hrafnseyri í Arnarfirði. Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er lagt upp með að málefni sem varða þjóðmenningu og safnastarfsemi, færir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins. Valdimar segir að það yrði í anda þess sem Hrafnseyrarnefnd lagði upp með og stefndi að.

Eiríkur Þorláksson deildarstjóri menningarmála í ráðuneytinu segir að það sé eðlilegt að

fjölmíðlar séu forvitnir um þær breytingar sem séu í farvatninu á menningarsviðinu sem mögulega nær til málefna Hrafnseyrar. Eiríkur segir að í forseta úrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í stjórnarráði Íslands, nr. 69/2013, sem birtur var síðstliðinn fimmtudag og öðlaðist þegar gildi hafi mátt sjá (í 2. tölulið 1. gr.) að fyrirhugað var að málefni minjasafna mundu flytjast frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis.

„Þar sem aðeins eru liðnir tveir vinnudagar frá því að þessi úr-

skurður var birtur hafa ráðuneytin aðeins náð að funda einu sinni um málið og áhrif þessa úrskurðar hafa ekki enn verið skilgreind að fullu. Ekki er ljóst hvort aðeins verður um að ræða flutning almenningar stenumótunar málaflokksins eða flutning allrar stjórnsýslu minjasafna, sem að óbreyttum lögum skarast mikið við stjórnsýslu annarra safna - en ráðherrar og ráðuneyti eiga eftir að fara nánar yfir málið á næstu dögum og þá kemur væntanlega í ljós sameiginlegur skilningur á málinu,“ segir Eiríkur. Að sögn Eiríks er ljóst að ef

niðurstaðan verði sú að þessi skilgreining taki til þess að öll stjórnsýsla málefna minjasafna skuli færð milli ráðuneyta, þá muni bæði málefni tengd Bygðasafni Vestfjarða og Hrafnseyrar verða komin í hendur forsætisráðuneytis.

„Það yrði þá væntanlega í höndum forsætisráðuneytisins að ákveða framhaldið, meðal annars hvort að það vill vinna áfram að þeim mögulegu samningum við Bygðasafn Vestfjarða sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur haft hug á eða hvort það vill vinna að málefnum Hrafnseyrar með öðrum hætti.“

Kaupmáttaraukningin nær ekki til launamanna

Vísitala kaupmáttar launa var 113,8 stig í apríl og hækkaði um 0,05% frá fyrri mánuði. Vísitala kaupmáttar launa í apríl er 113,8 stig og hækkaði um 0,05% frá fyrri mánuði. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 2,4%, að því er segir á vef Hagstofunnar. „Almennt launafólk finnur ekki fyrir þessu, kaupmátturinn hefur étist upp jafnóðum en þeir sem eru í verslun og þjónustu eru ekkert að skafa

af því og láta hækkanir fara beint út í verðlagið. Verðbólgan er 4,6% og kaupmátturinn rýrnar því jafnóðum. Launamenn fengu 3,25% hækkanir í febrúar svo það eru einhverjir aðrir en launafólk sem eru að fá umtalsvert meiri hækkanir, sem hífir upp kaupmáttinn,“ segir Finnþógi Sveinbjörns- son, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

„Við erum ekki að fá þessa kaupmáttaraukningu, það eru

alveg hreinar línur. Þetta er ekki það sem almenningur finnur fyrir, heldur einhverjir sem eru að fá sérstaka samninga á sérkjörum þar sem peningarnir spila annað hlutverk. Landsbankinn ætlar að greiða starfsmönnum sínum arð upp á 4,7 milljarða. Slíkt kemur væntanlega inn í mælingu á kaupmætti. Á meðan eru lífeyris- sjóðir og stéttarfélag búin að tapa formúgu fjár í viðskiptum við bankann í formi hlutabréfa í

bankanum og tengdum aðilum sem hafa verði færð niður í verði. Þannig að það er mjög sérstakt að það eigi að greiða þarna út þessa fjármuni. Kannski eru það einhverskonar greiðslur af þessu tagi sem hífa kaupmáttinn upp. Það hefur gríðarlega mikið að segja þegar svona summa kemur inn í launumhverfið en er ekki nema hjá útvöldum aðilum sem fá auka bónusa og koma ekki fram hjá venjulegu launafólki.“

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 6. - 9. júní

samkaupurval.is

Góð kaup!

verð áður 1.794 kr/kg

1.399 kr/kg

Grill lambalæri, kryddað
frá Kjötseli

Góð kaup!

verð áður 1.698 kr/kg

Úrvals
svínahnakki

1.358 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

25% afsláttur

verð áður 1.795 kr/kg

1.346 kr/kg

Úrvals svínagúllas

úr kjötborði eða pakkað ferskt

...sjá uppskrift

„Svínalundir
fylltar með
sveppum og
beikoni”

Góð kaup!

289 kr/stk

Úrvals sósar með steikinni!

Bernaisesósa 270ml

25% afsláttur

verð áður 2.398 kr/kg

Úrvals
svínalundir

1.799 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Ódýrt

verð áður 129 kr/ds

99 kr/ds

Pepsi (Classic/Max), 330ml

...sjá uppskrift

„Ítalskt
vínberjasalat”

samkaupurval.is

50% afsláttur

verð áður 798 kr/kg

Vínber

399 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á
samkaupurval.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, harpa@bb.is
Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Síðbúin jätning

Ástandið er stjórnvöldum og orkufyrirtækjum til vanvirðu, var dómur þátt. iðnaðarráðherra um raforkumál Vestfjarða í ágúst 2008. Tveir kostir sagðir í boði: Annars vegar nýtt flutningskerfi raforku til Vestfjarða; hins vegar orkuframleiðsla í fjórðungnum, þar sem Hvalárvirkjun skipti sköpum.

Segja má að auknar vonir hafi kviknað þegar Hvalárvirkjun var sett í nýtingarflokk rammaáætlunar um virkjunarkosti; jafnframt að í skýrslu Landsnets (2009) um afhendingaröryggi raforku á Vestfirðum var Hvalá talin besti kosturinn. Þá kom fram í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins, að fylgst yrði með áætlanagerð Landsnets vegna mögulegrar styrkingar Vesturlínu og hringtengingar raforkuflutnings fyrir Vestfirði; jafnframt því var lögð áhersla á, að „hafa frumkvæði að því, að á næstu fjórum árum verði gerð sérstök rammaáætlun fyrir raforkuframleiðslu og raforkuflutning á Vestfirðum sem ná til minni og stærri virkjana.“ Inngrip forstjóra Landsnets, um að bygging spennistöðvar og díselrafstöðvar í Bolungarvík væri partur af langtímahugsun Landsnetsmanna til lausnar á orkuvanda Vestfirðinga, var því óeitanlega sem blaut tuska í andlitið.

Á fimm ára afmæli dómsúrskurðar ráðherra virðist allt í einu kominn fiðringur í Landsnetsbákn. Þrennt ber þar við:

Í fyrsta lagi boðar stofnunin tiltekna framkvæmdir í til úrbóta í raforkumálum Vestfirðinga, og lætur þess jafnframt getið að þær sýni að því fari „fjarri að Landsnet setji Vestfirðinga í bið hvað verkefni varðar.“ Vankantarnir á þessu eru þó þeir, að um orkuaukningu, sem greitt gæti götu orkufreka fyrirtækja inn á svæðið, er ekki að ræða. Í þeim efnum situr allt við hið sama.

Í öðru lagi hefur Landsnet gefið út yfirlýsingu um að Hvalárvirkjun sé ekki til þess fallin að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfirðum. Ástæðan er trúlega óhagkvæmni, sem rekja má til svokallað tengigjalds, sem stjórnvöld komu á þegar skilið var á milli framleiðslu og dreifingu raforku í landinu; nokkuð sem stjórnvöld ættu að ráða við, sé þeim einhver alvara með úrbætur í orkumálum Vestfirðinga. Annað eins er nú til umræðu í stjórnkerfinu, með undanþágur og frávik og fyrirgreiðslu til stóriðju, að vísu ekki á Vestfirðum!!

Í þriðja lagi síðbúin jätning forstjóra Landsnets á opnum fundi OV fyrir skömmu: „Það kemur Vestfirðingum vissulega ekkert á óvart þó ég tilkynni það hér með að straumleysi er mest á Vestfirðum, á öllu starfssvæði Landsnets.“ Og forstjórinn bætti við: „Til að taka skrefið inn í 21. öldina þyrftu raforkukerfi Vestfjarða á 6 mW raforkuvirkjun að halda til að tryggja raforkuöryggi á Vestfirðum.“

Þarf frekari vitna við um hversu aftarlega á merinni Vestfirðingar eru með raforku?

s.h.

Spurning vikunnar

Hyggst þú flytja á milli landshluta á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 577.
Já sögðu 76 eða 13%
Nei sögðu 462 eða 80%
Óvíst sögðu 39 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Kaffihúsið er innréttað með sögulegum gripum frá Suðureyri. Ljós: Róbert Schmidt.

Kaffihúsið Kaupfélag Súgfirðinga opnar

Nýtt kaffihús opnaði á Suðureyri um síðustu helgi. „Kaffihúsið er í húsnæði sem áður hýsti Kaupfélag Súgfirðinga og lá því beinast við að kalla kaffihúsið Kaupfélag Súgfirðinga,“ segir Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman á Suðureyri. Á kaffihúsinu er meðal annars boðið upp á kaffi frá fyrirtækinu

Kaffitár, vestfirskt sushi, trillubrauð með plockfiski og margt fleira fyrir bragðlaukana.

Kaffihúsið er innréttað með sögulegum gripum frá Suðureyri. Má þar nefna afgreiðsluborðið sem byggt er úr stíuborðum sem voru um borð í mótorbátum Ingimari Magnússyni. Þá er borðplatan á afgreiðsluborðinu, göm-

ul skjólborð af beinaflutningabílum „Gamla rauð“ sem flutti hausa og bein í fiskimjölverksmiðjuna sem starfrækt var á staðnum á árum áður. „Kaffihúsið er einnig með smávægilegt af tækifærisvörum eins og góðu kaupfélagi sæmir og hvetjum við hjá Fisherman sem flest að kíkja í heimsókn,“ segir Elías.

True West fær frumkvöðlastyrk

„Það er fagfólk í öllum þessum sjóðum og við erum mjög ánægðar með að hljóta náð fyrir sjóðnum. Það gerir okkur kleift að halda áfram því ferli sem er nú þegar komið á fullt. Tiltrúin á verkefninu hefur heilmikið að segja og það er ljóst að fólk hefur tiltrú á því sem við erum að gera,“ segir Birgitta Baldursdóttir frumkvöðull, en bolvíska nýsköpunarfyrirtækið True West hefur hlotið einn af frumkvöðlastyrkjum Tækniþróunarsjóðs Rannís.

Fyrir á árinu hafa konurnar þrjár sem standa að þessu fyrirtæki, sem stefnir að útflutningi á fiskiolíu, hlotið styrki frá Atvinnuþróunarsjóði kvenna og gert

samninga við Vaxtarsamning Vestfjarða. „Það er ekki sama hvernig svona er unnið og það hlýtur að hjálpa til að fleiri hafa trú á þessu. Það verður heilmikið áttak að koma þessu af stað.“

Að sögn Birgittu stendur fyrir dyrum heilmikið ferli sem þarf að klára áður en hin eiginlega vinnsla hefst, en þær stöllur vonast til þess að geta hleypt framleiðslunni í gang á haustmánuðum. Skrifstofur fyrirtækisins eru í íslenska sjávarklasnum á Grandagarði í Reykjavík en höfuðstöðvar framleiðsluhluta fyrirtækisins verða í Bolungarvík.

„Við vonum auðvitað líka að

þetta smiti út frá sér og aðrir ráðist í að láta hugmyndir sínar verða að veruleika í sjávar tengdri nýsköpun og nýsköpunargeiranum almennt,“ segir Birgitta, og segir stemninguna í kringum verkefnið mjög góða. Anna Sigríður Jörundsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir eru stöllur Birgittu í fyrirtækinu og stofnendur þess.

„Við erum búnar að fá hannað fyrir okkur lógó sem við erum að semja um notkun á og þá ætti að vera liðið á það ferli sem kalla má hönnun á umbúðum, flöskum og öðru. Í framhaldi af því förum við í sölusamninga. Við erum með fyrirtæki sem er að leita að kaupendum fyrir okkur í Asíu þar sem er vaxandi markaður og það lítur allt saman ágætlega út.“

arnaldur@bb.is

Vargurinn skæður í vor

„Það er mikil yfirferð á refnum nú í vor og sérlega er hann illskeyttur á Holtsenginu,“ segir Fjöltnir Ásbjörnsson, sóknarprestur og æðarbóndi í Holti í Öndarfirði. Hann og aðrir æðarbændur í firðinum hafa haft nokkurt samstarf eins og vanalega og hafa nokkrir refir og minkar verið veiddir.

„Þetta er dálítið seinna í ár en var í fyrra, en fuglinn er kominn og það er alveg ótrúlegt hvað hann þráast við að setjast upp þó það sé engin sérstök tíð. Það hefur

verið svolítið blautt en það sakar fuglinn svo sem ekki ef þetta fer að skána. Við höfum mun meiri áhyggjur af refnum, sem virðist bara engu eira og tættir upp öll hreiður sem fyrir honum verða, hann gerir ekki upp á milli fuglagunda og það er dapurlegt að fylgjast með þessu.“

Þó nokkrir bændur sinna varpi í Öndarfirði en æðarvarpið sem heyrir undir Holt er friðlýst. Varpið er sérstaklega viðkvæmt á vorin og er Holtsströnd lokað fyrir allri umferð.

smáar

Úlpa var tekin í misgripum í Krúsinni laugardagskvöldið 18. maí sl. Hún er svört að lit með loðkraga. Stærð large eða XL og tegundin er Quecha. Í henni var vegabréf og veski og því bagalegt fyrir eiganda hennar, Enzo, að tapa henni. Enzo er í frönsku áhöfninni á skútunni Arktika sem staðsett er á Ísafirði. Ef einhver hefur fundið eða veit um úlpuna, vinsamlegast hafið samband í síma 866 5037.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

Tákn um frelsi



Land Cruiser. Nafn sem segir meira en þúsund orð. Íslendingar þekkja Land Cruiser betur en flestar aðrar þjóðir. Við íslenskar aðstæður hefur Land Cruiser öðlast sess sem ímynd áreiðanleika og gæða. Með Land Cruiser heldur sagan áfram um stræti og torg, um vegi og vegleysur.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 10.240.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Bolungarvíkurkaupstaður stefnir vegna byggingu snjóflóðavarnargarðs

Bolungarvíkurkaupstaður hefur stefnt Officine Maccaferri S.p.A., Ósafli sf., Íslenskum aðalverktökum hf., verkfræðistofunni Eflu og Marti Contractors Ltd., vegna hruns í snjóflóðavarnargörðunum fyrir ofan Bolungarvík og aukins kostnaðar vegna byggingu garðsins. „Héraðsdómur Reykjavíkur kvað til matsnefnd að beiðni Bolungarvíkurkaupstaðar til að meta tjónið og af hverju það stafaði. Matsnefndin skilaði skýrslu í desember 2010. Þar sem ekki reyndist unnt að ná samkomulagi um skaðabætur sem byggðu á greinargerð matsnefndarinnar og áætluðum kost-

aði við endurbætur, var ákveðið að fara í mál við þessi fyrirtæki sem öll eiga hlut að máli,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

„Það er dómstóla að skera úr um hvort það eru hönnuðir, verktakinn eða framleiðandi efnisins, Maccaferri, sem kom reyndar einnig að hönnuninni, sem bera ábyrgðina. Bærinn hefur ekki möguleika til að meta hver þeirra ber sök og því var fengin sérfræðinefnd til að meta þetta. Kannski er það þannig að allir eigi einhverja sök, en mismunandi mikla, en úr því færst ekki skorið nema fyrir dómstólum,“

segir Elías.

Elías segir að reynt hafi verið að leita sátta í málinu. „Framkvæmdasýsla ríkisins stóð að því ásamt lögfræðingum fyrir okkar hönd, en það tókst ekki. Þetta olli talsvert auknum kostnaði, vinna þurfti hluta af garðinum aftur og gera breytingar á hönnun til að gera garðinn öruggari. Grindar uppbyggingin var styrkt með auknum efniskostnaði. Bærinn og Ofanflóðasjóður lögðu út fyrir þessum aukna kostnaði og var það sameiginleg ákvörðun okkar að fara í þessi málaferli,“ segir Elías.

Garðurinn er 18-22 metrar á hæð og 700 metra langur þver-

garður sem gnæfir yfir byggðina. Kostnaðurinn við garðinn var áætlaður af Framkvæmdasýslu ríkisins um einn milljarður króna í febrúar 2008, en raunkostnaður liggur ekki fyrir en hann ræðst meðal annars á niðurstöðu málaferlana. Eftirfarandi bókun er úr fundargerð bæjarráðs Bolungarvíkur þann 18. september 2012:

„Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkir að höfða mál á hendur neðangreindum aðilum til innheimtu á skaðabótum vegna tjóns sem sveitarfélagið hefur orðið fyrir vegna þess að að grjótfylling og netgrindur hrundu niður í snjóflóðavarnargörðum undir Traðarhrynu í september 2009. Hrunið

leiddi í ljós að fjarlægja þurfti alla styrktu fyllinguna sem upp var komin og hefja verkið að nýju með endurbættu og endurhönnuðu styrktarkerfi. Eftirtöldum aðilum verður stefnt í málinu: Officine Maccaferri S.p.A., Ósafli sf., Marti Contractors Ltd. (eigandi Ósafls), Íslenskum aðalverktökum (eigandi Ósafls), Efla hf. (áður Línuhönnun hf.).

Bæjarráð heimilar en fremur að fela lögfræðistofunni Logos að vinna að málinu f.h. kaupstaðarins. Stefnan er sett fram þar sem þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, lögmanna verkkaupa og Framkvæmdasýslu ríkisins, hafa ekki náðst sættir í málinu.



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Hjalta Einarssonar
efnaverkfræðings

Guðrún Halldóra Jónsdóttir

Halldór Jón Hjalton	Guðrún Jónína Jónsdóttir
Einar Garðar Hjalton	Kristín Hagalín Sigurðardóttir
Gísli Jón Hjalton	Anna Kristín Ásgeirsdóttir
Elísabet Hjaltdóttir	
Hilmar Garðar Hjalton	Elísabet Austmann Ingimundardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Reisa minnisvarða um Þuríði Sundafylli

Minnisvarði um Þuríði Sundafylli verður afhjúpaður fyrir utan ráðhúsið í bænum Leknes Noregi í byrjun júní þar sem hennar er minnst sem einnar merkustu konu landnámssögunnar á tímum þegar flestar hetjurnar voru karlar. Stór hópur Norðmanna er væntanlegur til Bolungarvíkur í byrjun júlí, um 22 einstaklingar auk leiðsögumanns, meðal annars til að hitta sögufróða Íslendinga.

„Það segir í landnámu að hún hafi komið af Hálogalandi, sem er 600 kílómetra langt landsvæði í Noregi. Norðmenn eru spenntir fyrir þessu þegar ég segi þeim frá því. Það var ekki mikið um pílgrímsferðir vegna hennar. Ég er ákaflega montinn af henni og finnst hún með merkilegra fólki

sem maður hefur lesið um. Það var frábært hugvit sem þessi kona hafði og hennar verk eru svo merkileg. Hún stofnaði samfélagsgerð sem stóð hér í 1000 ár svo til óreytt, þ.e.a.s. sjósókn héðan,“ segir Finnþogi Bernódsson, vélsmíðjur og fyrrum safnavörður í Ósvör.

„Hafnargjöld í Bolungarvík er elsti skattur á Íslandi en hún setur kvíarmið sem eru fyrstu nafngreindu fiskimið við Ísland og eru rétt við kjaftinn í Djúpinu. Þar með er búið að stofna fyrstu efnahagslögsögu í heiminum. Hún stofnaði til þess að bændur hér í kring, þess vegna Skutulsfirði og um allt Djúp, gátu fengið leyfi til að leggja hér að og verka sinn fisk og hafa vetursetu hérna eftir hentugleika til fiskveiða.

Þeir byggðu yfir sig verbúð og fyrir það þurftu þeir að greiða eina kollótta kind fyrir hvern sexæring sem reri héðan yfir veturinn. Þetta er talin vera fyrsta gjaldtaka á Íslandi,“ segir Finnþogi.

„Það má spyrja sig að því hvort hún hafi verið fyrsti sauðfjárræktandinn á Íslandi þar sem það er ólíklegt að Norðmenn hafi flutt með sér kollótt fé, en kollar voru frískir munkar sem talið er að hafi verið hér á landi fyrir landi og veit enginn hvenær þeirra byggð hófst hér. Af hverju heitir hornalaus kind kollótt, er það ekki kenningin um að það fé sé frá kollum. Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að hún eða Völusteinn sonur hennar hafi ort völu-spá,“ segir Finnþogi.

A-hús til sölu



Til sölu er fellihýsi árgerð ágúst 2007.
Lítið notað.
Uppl. gefur
Ragnar í síma
892 7199

AGA

VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í GASÍ

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila AGA.

Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.



Söluumboð ÍSAGA:
Pröstur
Marzellíusson
Ísafirði

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 577 3000



Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. **Vestmannaeyjar:** Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar, s. 481 3226. **Sauðárkrúkur:** Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. **Ísafjörður:** Pröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. **Akureyri:** Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515. **Reyðarfjörður:** Verslun BYKO, s. 470 4200.

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:

ÍSAGA ehf, Breiðhöfða 11 • Verslanir BYKO • Atlantsólía, Kópavogsbraut • Garðheimar, Mjódd • Kænan, Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði

Næsta plata Mugison á ensku

„Ný sólóplata verður ekkert tilbúin fyrr en snemma á næsta ári. Ég held að sú plata verði á ensku en ég er í nokkrum samstarfsverkefnum núna sem verða öll á íslensku. Mig langar að gera eina enska plötu og ná í smá gjaldeyri fyrir þjóðarþúið,“ segir Örn Elías Guðmundsson, einnig þekktur sem Mugison, um næstu sólóplötu sína en síðasta plata hans, Haglél, þótti heppnast einstaklega vel og seldist eins og heitar lummur þegar hún kom út fyrir jólin 2011. Vafalítið eru tónlistarunnendur orðnir þyrstir eftir meira efni frá kappanum.

„Ég hugsa að það gætu komið út einhverjar samstarfsplötur fyrir jólin ef ég næ að klára það efni í tíma. Það eru þrjú verkefni sem ég hef verið með á kantinum í smá stund núna. Það er alltaf einhver hellingur í gangi. Ég var að klára marstersnám í vikunni og er að verja ritgerðina í næstu viku, mikill tími hefur fari í það og svo erum við að undirbúa siglinguna á Húna í sumar. Svo eru alltaf einhver hliðarverkefni á kantinum,“ segir Örn Elías.

smáar

Ungt og reglusamt par sem er í vinnu óskar eftir íbúð til leigu á Ísafirði eða á Suðureyri. Uppl. í síma 778 0318.



„Þarf að vera almenn sátt um ímynd Vestfjarða“

„Þegar samfélagið á þátt í stefnumótun í ferðaþjónustunni þá smitar það út frá sér og leiðir af sér félagsleg mikilvæg lífsgæði fyrir okkur, fólkið sjálft,“ segir Ásbjörn Björgvinsson formaður Ferðamálasamtaka Íslands. Hann segir aukið þjónustustig við ferðafólk ekki aðeins leiða af sér að aukna tíðni ferðaáætlaða og bætta samgöngur komi í kjölfarið, heldur verði þjónusta við menningu og afþreyingu mun stöðugri á ársgrundvelli. Ásbjörn starfaði lengi við uppbyggingu á ferðaþjónustu og uppbyggingu ímyndar Húsavíkur sem miðstöð Hvalaskoðunar á Íslandi, auk þess sem hann er einn af þeim aðilum sem byggðu upp Markaðsstofu Norðurlands í þessu samhengi.

„Allar stórframkvæmdir í atvinnuuppbyggingu hefjast með gylliboðum um fjölda starfa sem muni byggjast upp í kjölfar einhverskonar stóriðju. Vestfirðir verða að skoða það sérstaklega og á opinn og lýðræðislegan hátt hvernig sátt næst á milli náttúru og manna, við uppbyggingu atvinnulífsins. Það er augljóst að hér verður engin „Disney veröld“ sem við byggjum upp fyrir ferðamanninn og skapar grundvöll fyrir atvinnu árið um kring. Umhverfissvottanir eru engin töfralausn sem leiðir af sér að allir séu sáttir við þróun ferðaþjónustunnar því um ímynd Vestfjarða verður að ríkja sátt á milli atvinnuveganna. En ferðaþjónustan má ekki líða fyrir offarir til dæmis í fiskeldismálunum.“

„Það eru mjög margir hrifnir af ímynd „Þorpsins“ sem táknmynd

vestfirskrar ferðaþjónustu og ég er ekki frá því að sú ímynd geti virkað mjög vel, ef allir vinna saman að þeirri ímyndarsköpun. Á Vestfjörðum á ekki að stefna að iðnaðartúrismi þar sem verið er að fá fjölda í gegn á einhverjum pakkaferðum. Koma skemmtiferðaskipanna nærir í þeirri tegund túrisma og eflir þjónustustigið mikið. Það sem ferðaþjónustan á Vestfjörðum þarf að hafa í huga fyrst og fremst er samvinna sem miðar að því að fjölga þeim dögnum sem hver ferðamaður dvelur á svæðinu. Það er lykillinn.“

„Þegar sjálfsmeðvitund og umhverfisvitund takast hönd í hönd þá verðum við kröfuharðari sjálf hvað varðar að atvinnu uppbyggingu fari í umhverfismat. Ég þekki það frá Húsavík að upphaflegar hugmyndir um uppbyggingu eiga að fara í gegn á sveitarstjórnarstigi eins og um „lítið og sætt álver“ sé að ræða. Þannig virkar kaupsýslan bara. Það sem við kölluðum eftir fyrir norðan, og verður að gerast hér fyrir vestan líka, er að samfélagið taki ákvarðanir í þessum málum sjálft. Því það þarf að vera almenn sátt um ímynd Vestfjarða á meðal alls almennings sem hér býr. Mírar hugmyndir eru í því efni ekkert merkilegri en annarra, en ég sæi fyrir mér kjörorð eins og „Þér líður vel fyrir vestan“ – þar sem þemað er kynning á landsvæði sem biður upp á frábæran „local“ mat, persónulega þjónustu, friðsælar ferðir, einstaka upplifun, æfintýri, gönguferðir, sjóferðir og vistvæna nálgun á samgöngurnar. Landsvæði töfra og kyrrðar.“

– arnaldur@bb.is

Rétt skal vera rétt

Stundum skjóplast fólki, jafnvel besta fólki. Það henti hér í liðinni viku. Vandí er að fara með tölur og mikilvægt er að þær séu réttar. Nóg er talnaflóðið og auðvelt að rugla margan mann með þeim, ekki síst séu þær teknar úr réttu samhengi. Er borin var saman verðbólga 6 ára frá og með 2006 til ársloka 2001, sem mun vera 36%, urðu mistök. Verðbólga ársins 1984 mun aðeins hafa verið 29,2%, ekki ríflega 50% eins og ritað var. Til þess að fá verðbólguþölur í samhengi, þá var hún 58,5% árið 1980, 50,5% 1981, 51% 1982, 84,5% 1983 og næstu ár um 30% á ári. Bedið er velvirðingar á mistökunum en tölurnar sýna glöggð að verðbólga að loknu hrúni hefur verið smámunir einir sé miðað við ríkisstjórnartíð Gunnars Thoroddsen, sem var forsætisráðherra í ríkisstjórn vinstri flokka árin 1980 til 1983. Sé þessi samanburður tekin má ljóst vera að ríkisstjórn Jóhanns og Jóhönnu hefur unnið stórt afrek. Hún sendi auk þess þau skilaboð til almennings að rétt væri að borga ekki skuldir, hvorki skatta né aðrar. Að minnsta kosti var sett upp mikið bákn, Umboðsmaður skuldara, sem hjálpa skyldi fólki að draga að greiða skuldir og fá þær felldar niður.

Þessu skal til haga haldið um leið og minnt er á baráttu Stein-

gríms Jóhanns fyrir því að sannfæra fólk um að fyrstu Icesave-samningarnir, sem Svavar Gestsson, ráðherra í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen, átti heiðurinn af. Í þeirri löngu gengnu ríkisstjórn voru ráðherrar vanir háum tölum, ekki síst þegar kom að skuldum ríkisins. Þjóðin hafnaði með stuðningi Forseta Íslands að taka þátt í þessum háskaleik. En Forsetinn, Ólafur Ragnar Grímsson, og Svavar voru lengi samherjar í Alþýðubandalaginu. Það dugði ekki til að Jóhann og Jóhanna fengju því framgengt að leggja á íslenska þjóð þungar byrðar fjárglæframanna, innlendra jafnt og útlendra. Þjóðin kundi fótum sínum forráð í það skiptið. Slíkt var ekki uppi á teningnum árin fyrir hrún. Þá tefldu margir alltof djarft og tóku lán í boði bankanna og illa fór hjá mörgum. Nú var hins vegar ýmislegt gert til þess að kasta út björgunarneti. Enn á eftir að skera úr um hvort vel hafi tekist til. Eðlilegast hefði verið að taka út úr vísitölunni, tóbak, áfengi og bensín til að byrja með og sjá svo til með framhaldið. Einnig hefði átt að bjóða lengingu lána.

Núverandi ríkisstjórn verður metin af verkum sínum, ekki af loforðum. Þau verður erfitt að efna og reiðin verður mikil, takist það ekki. Skuldarar biða eftir afskriftum. Þær hafa ekki fengist áður og er djarft lofað, mikið vonað, og megi vel til takast.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Vanmeta aðstæður á Hornströndum

„Undanfarin þrjú til fjögur ár hefur verið að koma til okkar fólk sem er að gefast upp. Það hefur þá ofgert sér og gerir sér ekki grein fyrir erfiðleikastigi svæðisins. Það er ekki með regnföt og jafnvel bara sumarþúnað sem hentar í Suður Evrópu en engan veginn hér á svæðinu,“ segir Jón Björnsson, landvörður á Hornstrandafríðlandinu, en hann hefur stundum þurft að aðstoða erlenda ferðamenn sem lenda í vandræðum á Hornströndum sökum vanþúnaðar og van-

mats á aðstæðum. „Þetta fólk segist oft vera þauvant úr Ölpunum, það hringir liggur við viðvörunarbjöllum þegar einhver segist vera með mikla reynslu þaðan. Þeir gera sér engan veginn grein fyrir hvernig aðstæður eru hér. Að það geti rignt svona mikið og lengi, og eins kuldinn,“ segir Jón.

„Í ölpunum er hlýtt og sólríkt og þar rignir í klukkutíma í einu og það þornar allt á milli. Ef það rignir í upphafi ferðar á Hornströndum eru þau blaut alla ferðina, geta ekki þurrkað neitt og

hitastigið getur farið niður undir frostmark á kvöldin. Þessir hlutir setja oft allt á annan endann hjá fólki. Þetta eru gjörólíkar aðstæður, fólk kemur á svæðið með miklu sjálfsöryggi með óraunhæfar væntingar og ætla sér að labba 25 kílómetra á dag enda vant því í ölpunum á góðum göngustígum. Ferðahraðinn í fríðlandinu er um 1,5 kílómetri á klukkustund með bakpoka. Við fengum vanari ferðamenn áður fyrr, nú koma fleiri með ofmat á sjálfum sér og verða síðan steinundrandi yfir því

hvað þetta er gjörólíkt því sem þeir héldu,“ segir Jón, en það kemur fyrir að hann hittir fólk sem er nánast með tárin í augunum yfir ástandinu.

Aðspurður um hvort fólk sem lendir í hrakningum verði fyrir vonbrigðum með upplifun sína af svæðinu segir Jón svo ekki vera. Fólk verður aðallega hissa og þarf oft aðstoð við að breyta ferðaáætlunum eða hreinlega komast burt af svæðinu að hans sögn. „Flestir eru ánægðir þótt þeir lendi í basli, þeim finnst

þetta vera ævintýri. Þótt menn keyri alveg fram á brún eigin getu er það oftast sátt, sérstaklega þegar það kemur af svæðinu og horfir til baka. Kannski er það svona ánægt með að hafa sloppið lifandi. Þeim finnst það hafa lent í gríðarlegum ævintýrum,“ segir Jón Björnsson, landvörður.

Ferðamenn sem leggja upp í ferð um Hornstrandir tilkynna sig inn á svæðið og gefa upp ferðaáætlanir svo hægt er að fylgjast með því.

– hordur@bb.is

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Innheimtustofnun sveitarfélaga óskar eftir starfsmanni í innheimtudeild.

Um er að ræða fullt starf. Leitað er að dugmiklum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er sveigjanlegur og á auðvelt með mannleg samskipti.

Starfssvið:

- Umsjón með innheimtu íslenskra meðlagskrafna á Norðurlöndunum
- Þýðing, undirbúningur og skráning innheimtumála til og frá Norðurlöndunum
- Eftirfylgni mála
- Samskipti við starfsmenn innheimtustofnana á Norðurlöndunum
- Þátttaka í öðrum almennum skrifstofustörfum

Hæfniskröfur:

- Kunnátta og færni í einu eða fleiri Norðurlandamálum (norsku, sænsku eða dönsku)
- Góð almenn íslensku- og tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk. Ferilskrár skulu berast á tölvupósti á netfangið bragi@medlag.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Innheimtustofnun
sveitarfélaga

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það hlutverk skv. lögum að innheimta meðlög. Stofnunin er með aðalstöðvar í Reykjavík og starfsstöð á Flateyri. Stofnunin fékk nýverið verðlaun sem „Hástöðkvári ársins“ í könnun framkvæmd af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Í könnuninni var leitað eftir viðhorfum starfsmanna til vinnu sinnar, líðan í starfi og starfsumhverfi.

Upplýsingar um starfið veitir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður á Flateyri, í síma 590-7100 eða á netfanginu bragi@medlag.is.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaganna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. júlí nk. eða eftir nánara samkomulagi.



Nauðsynleg



Sagt að eiga kjól fyrir hvert skap

„Mig langar þá mest í kjól úr þögn, þegar ég er búin að eignast þennan úr eldinum. En ég á einn úr lofti og átti líka einn úr vatni, en hann bráðnaði,“ segir Lísbet Ólafar Harðardóttir fjöllistakona.

Það er fjölskrúðugt um að litast í kjólaherberginu en ekki síður í öðrum kytrum á heimili Lísbetar að Bjargi við Seljalandsveg á Ísafirði. Það eru hænur í garðinum, útihús, börn að leik og síteiknandi eiginmaður. Álfkona hangir uppi á vegg og skýrar húsreglur. Í húsinu er bannað að blóta og liggja við sektir sem börnin nýta í menntunar- og skemmtisjóð. Húsmóðirin er alltaf að reyna að hætta kaupa kjóla en það er erfitt, því þeir gefa lífinu lit. Og í þeim er falin heimspeki og hugsun, rétt eins og í stífpressuðum buxum.

Lísbet Ólafar Harðardóttir er þriggja barna móðir, gift Gunnari Jónssyni listamanni en sjálf er hún lærður húsamálari. Hún hefur komið að skipulagningu bæjarhátíða, starfað fyrir barnavernd og sinnt hlutverki æskulýðsmóguís innan kirkjunnar. Hún er þúsundþjalasmiður og kjólasafnari. Hún á hátt í 300 kjóla og hefur reynst Litla leikklúbbnum drjúg þegar kemur að uppsetningum leikverka, sem og vinkonum sínum þegar þarf að dubba sig upp. Stundum gerist það á árshátíðum að hún á fjölda kjóla sem vinkonurnar skarta.

„Þetta er eiginlega kjólabanki,“ segir Lísbet um safnið. Vinkonur hennar leggja inn og geyma kjóla hjá henni, sumar brottfluttar en geta gripið til þeirra þegar þær eru á svæðinu. „Ég á líka skósystur, þær vinkonur mínar sem koma bara heim til Ísafjarðar á sumrin geyma stundum svona standard klæðnað eins og palliétu-jakka og glimmerskó hér, hluti sem maður verður að hafa til taks en getur ekki alltaf verið að bera með sér, og við getum þá allar notað þá.“

Það er lífsnauðsynlegt að eiga kjól fyrir hvert skap, og ef maður er skapandi og skiptir oft um skap, þá þarf maður að eiga marga kjóla. Það segir sig sjálft. Það er ekkert ömurlegra en að geta ekki tjáð sig öðruvísi en að vera alltaf að tala um það hvernig manni líður. Ég geri sko nóg af því að tala hvort sem er, og það er aðalmálið



að geta talað um það sem skiptir máli, eða það sem skiptir engu máli, frekar en að vera að bögglast með það að segja hverjum einasta manni hvernig manni líður. Ég get bara klætt mig eins og mér líður og þá þarf ég ekki að vera að pæla í því. Og mér hefur bara ekki liðið „bláar gallabuxur og peysa“ í mörg ár.

En þetta datt bara inn upphaflega, ég ákvað ekki bara einn daginn að fara að ganga í kjólum heldur var mér ætlað að vera kjóla-kona og þess vegna var komið til mín kjólasafni. Það er þannig líka með svo margt, maður verður bara að taka því, manni er ætlað að gera ýmislegt. Eða vera einhvern veginn, og maður verður bara að sætta sig við það og vera ekki að hafa áhyggjur af því að það væri betra að vera einhvern veginn öðruvísi.

Ég er ekki að segja að þetta líf sé einhvers konar leikrit og að maður verði að leika sitt hlutverk, því það er hallærislegt að halda því fram að ef maður leikur sér þá sé það einhver gerviheimur. Sá heimur sem maður leikur sér í er eiginlega miklu raunverulegri heldur en eitthvað leikrit þar sem manni er sagt hvað maður á að leika. Guð skapaði heiminn sko skapandi, það er skapandi að vera maður sjálfur og það er hlutverk manns að skapa úr aðstæðunum eitthvað sem maður man.

Við munum það sem gefur okkur eitthvað og manni er ekki gefið neitt nema maður gefi fyrst. Já, til dæmis gefi kost á sér eða taki áhættu. Það er til fólk í heiminum sem finnur bara á sér að maður meinar vel þó það sé ekki allt fullkomið sem kemur frá manni. Og einn daginn getur maður bara verið að ganga

heim af balli og vitað hvað maður á að gera og það gerist þá það sem þurfti að gerast. Þess vegna bý ég nú á Bjargi – eins og sungið er um í sunnudagaskólanum.

Talið berst að trúmálum, en Lísbet hefur átt vingott við Guð og allt hans slekti svo lengi sem hún man eftir sér. „Við Guð höfum átt bæði stormasamt og fallett samband, rétt eins og flest börn eiga við foreldri sitt. Hann hefur sýnt mér einstaka polinmæði og skilning á brótti mínu í gegnum lífið og kippir sér ekki upp við dyntina í mér eða sveiflur. Ég hef þó ekki rifist við hann í mörg ár og hann hefur verið einstaklega hjálplegur við hin ýmsu verkefni sem ég hef tæklað í gegnum tíðina. Samskipti okkar eru einföld og þægileg og dillinn er afar skýr: Ég vanda mig eins og ég get hverju sinni, og hann sér eiginlega bara um rest.“

Það er viðamikil saga



hvernig það æxlaðist að Lísbet eignaðist húsið Bjarg við Seljalandsveg, en þeim örlögum hefur hún tekið af trúmennsku og fylgir þeim reglum sem húsinu fylgdu. Konan sem þar bjó fyrir hafði sterka tilfinningu fyrir því að húsið væri hennar. Manneskja hafði birst henni í grænum kjól, ljóshærð og varalituð, og hún málaði af henni mynd, löngu áður en Lísbet fluttist vestur. Þegar Lísbet birtist svo á tröppunum í kjólnum yrði þessi stúlka að fá.

„Og auðvitað gat ég ekki annað en hlýtt þessum skýru skilaboðum, þetta lá beint við, rétt eins og allt annað í lífinu sem einfaldlega gerist þegar ég hef einmitt ætlað að gera eitthvað allt annað,“ en Lísbet hefur mætt hinum ýmsu uppakomum og áföllum með æðruleysi og hefur lært að skilgreina ekki per-



sónu sína út frá því sem vill koma upp á hverju sinni.

Einu sinni var hún í allra augum stelpa sem misst hafði pabba sinn og öðru sinni var hún stelpa sem hafði alltaf verið alltof full.

„En þetta er bara svona, og þó að maður lendi í einhverju eins og þessu, að lífið splundrist bara, þá getur maður ekki afsakað sig alla ævi með því. Maður verður að velja sér nýjan kjól, og þó það sé allt í lagi að missa sig aðeins og vita ekki hvað maður vill, þá kemur bara að þeim tímapunkti að maður stendur sig að því að hafa farið fram yfir leyfilegan volæðistíma – ef svo má að orði komast. Öll áföll og sár hafa sinn tíma og rúm í lífinu en ekkert þeirra ætti að skemma fyrir manni gleðina sem framundan er. Og þá hættir maður kannski aðeins að vorkenna sér vegna þess að æska manns hafi eitthvað riðlast og lífið sé ekki eins og maður hélt að það yrði, en það er einmitt svo fallett að lífið getur eiginlega bara orðið eins og það er.“

Maður á rétt á því að syrgja og þjáningin ætti alltaf að eiga sinn stað, á sinni stund, en maður á líka rétt á því að jafna sig og maður á rétt á því að fullorðnast. Og maður á rétt á því að vera í kjól við hæfi.

Guð hefur yfirleitt séð mér fyrir ágætis makindum í lífinu. Að öllu jöfnu þykir mér honum takast einstaklega vel til með að skapa mér þær allra bestu aðstæður sem á verður kosið. Ég get valið á milli viðhorfa til hans, fólksins í kringum mig og lífsins sem mér hefur hlotnast, og sé ekki nokkra ástæðu til annars en að líta það mínum björtustu augum. Allavega í dag. Kannski verð ég búin að gjörbreyta um skoðun á þessu

öllu á morgun og held þrumuræðu yfir allri vitleysunni sem ég sagði í þessu viðtali.

Þess vegna væri ég alveg æðislega til í að eignast kjól úr þögn. Þældu í því, ég á alveg öskrandi kjóla fyrir hverja einustu tilfinningu sem ég kann að finna, en að eiga bara kjól sem þegir fyrir mann í heilan dag, vá!“

arnaldur@bb.is



Langar að verða gömul kona í þorpi úti í skógi

Mäekelle-fjölskyldan fluttist til Ísafjarðar fyrir rúmum áratug. Fjölskylduföðurnum Madis Mäekelle var boðin staða tónlistarkennara í blásturs-hljóðfæradeild Tónlistarskólans á Ísafirði og þá flutti Marelle ásamt fjölskyldu sinni til Íslands. Þetta var árið 2002. Síðan hefur fjölskyldan, Marelle ásamt systur sinni Mirjam, móður þeirra Kaja og fjölskylduföðurnum aðlagast lífinu á Ísafirði vel.

Madis hefur stýrt lúðrasveit Tónlistarskólans og þar hafa þær systur spilað af list undir stjórn föður síns. Við útskriftarathöfn Menntaskólans léku þau öll þrjú saman í saxófóntríói, en tilfellið var útskrift þeirra systra. Marelle varð semíðúx skólans (næsthæst) með 9,37 í einkunn en hún lauk náminu á þremur árum með 189 einingum.

Hún er aðeins 18 ára gömul, fædd þann 29. desember 1994, og finnst tómáruíð dálítið óvænt, að vera bara búin með skólann, því jafnaldrar hennar verða enn í skólanum næsta haust. Hún er ekki viss um það hvenær hún fari í háskóla þó hún sé viss um að hún muni gera það, því það sé svo margt í boði og hún hafi áhuga á svo mörgu. Og því er ekki að leynd að stúlkan er fjölhæf.

„Það er svolítið skrítið að þetta sé bara búíð, því ákvörðunin um að klára þetta núna var bara tekin í febrúar. Og það er búíð að vera mikið að gera síðan, ég hætti í körfuboltanum í vor effir að þessi ákvörðun hafði verið tekin. Þá tók aftur á móti við að sjá um og spila í uppsetningu Menntaskólans á *Þrek og tár* í leikstjórn Halldóru Björnsdóttur og það var mjög skemmtileg reynsla. Svo var líka gaman að vera með í þessum tveimur uppfærslum sem voru í vetur hjá Litla leikklúbbnum.“

Tónlistin mikilvæg

Marelle hóf nám hjá föður sínum á þverflautu þegar þau fluttu til landsins en færði sig síðan yfir á saxófón til að spila með Lúðrasveit Tónlistarskólans. Síðustu þrjú ár hefur hún síðan verið að læra á píanó við Tónlistarskólann hjá Beötu Joó. Hún segist hafa mikinn áhuga á tónlist og ef hún myndi búa áfram á Ísafirði næsta vetur myndi hún halda áfram að læra. Aðspurð segir hún það eiginlega bara hafa gerst að skólinn hafi klárast. Að vísu hafi hún fengið einhverjar tæplega tuttugu einingar vegna tónlistarnámsins og í gegnum akademíu körfuknatt-

leiksdeildarinnar, en í grunninn finnst henni bara gaman að læra.

„Ég hef áhuga á öllu finnst mér, ég gæti alveg hugsað mér að gera meira í tónlist. Þó að ég sé um leið kannski frekar fyrir að vera í hljómsveit heldur en ein að spila, þá gæti ég allt eins tekið upp á því að fara bara niður á Silfurtorg í sumar og spila þar á saxófón. Mér finnst það skemmtilegt, ég hef áhuga á svona þjóðlagahéð og þannig tónlist og það gæti alveg hentað mér. En það er alveg ágætt að fara vinna þarna yfir á Suðureyri, þannig, þetta er í fyrsta skipti sem við förum ekki heim til Eistlands yfir sumarið. Það er kannski dálítið skrítið að vera bara komin í frystihúsið því maður gleymdi að vera eitt-hvað að sækja um sniðugar vinnur. En það breytir engu, mér líkaði það ágætlega í fyrra þegar ég vann þar aðeins í sumarafleysingum.“

Íhugar málið yfir fiskunum

Aðspurð hvort hún vonist til að geta gert upp hug sinn í sumar við fiskvinnslustörf á Suðureyri við Súgandafjörð hvaða nám henni lítist best á, segir Marelle það kannski ekki skipta öllu.

„Ég er ekkert að flýta mér,

var ekkert búin að taka eitt-hvað í grunnskóla til að flýta fyrir mér í Mí og á örugglega effir að njóta þess bara að vinna þarna með fólki á mínum aldri í skemmtilegu umhverfi. Og maður getur bara verið skáldlegur og látið sig dreyma um að fiskarnir hvíli því að manni hver lykillinn sé að því að komast í draumadjobb. Er það ekki þjóðsagan?“

Fröken Fjallakall

Marelle er eins og fjölskylda hennar öll mjög tengd Eistlandi og þar langar hana að verða gömul kona, úti í skógi í litlu þorpi eins og því þar sem hún átti æskusumrin, nærri landamærum Rússlands. Hún segir eistneskt þjóðfélag mjög ólíkt hinu íslenska.

„Það er mjög ríkt af sögu og þetta er mjög stolt þjóð, mun agaðri á einhvern hátt en Íslendingar, en um leið lokaðri og ekki mikið um hrós eða hamingjuóskir eins og við þekkjum hér. Eins og á útskriftinni, það var svo fallegt og gaman. Hér var fullt af fólki að óska manni til hamingju og Ísafjörður er ofboðslega hlýlegt og yndislegt samfélag, öruggt. En það verður erfitt að segja við sjálfan sig að ég sé „Ísfirðingur

fyrst og Eisti síðan“. Ég verð alltaf Eisti fyrst, en síðan er ég auðvitað Ísfirðingur því það þekki ég best. Ég man raunar ekkert almennilega frá því áður, því þá var ég auðvitað bara átta ára.“

Föðurafinn skákmeistari

Marelle hefur ræktað tengslin við ömmur sínar báðar og móðurafa sinn og dvalirnar í Meremäe á Vorumaa-svæðinu í Eistlandi eru henni mikilvægar. „Ég hef kannski ekki hlustað nógu vel og lagt á minnið þessar sögur samt sem skipta mestu þegar upp er staðið. Móðurafi minn, ég veit ekki hvað hann hefur sagt oft söguna af því þegar þeir strákarnir urðu að fela sig í hlöðunni þegar nasistarnir komu, og eitt-hvað svoléiðis, úr seinni heimstyrjöldinni. En hinn afi minn, Endel Mäekelle, hann var dæinn fyrir mína tíð en ég hef heyrt margt af honum. Hann var skákmeistari og á að hafa verið stórkostlegur maður. En hvaðan fjölskyldunafnið mitt kemur, sem þýðir eiginlega bara Fjallakall, þekkti ég ekki. Ömmur mínar báðar, þær eru aftur á móti kokkar.“

Heima við talar fjölskyldan eistnesku allar stundir en það er ekki að heyra á mæli þessar ungu og efnilegu stúlku.

Sælkeri vikunnar er Páll Janus Hilmarsson á Ísafirði

Grillaður svartfugl og skyrkaka

Þar sem fyrra svartfugls tíma-bílinu er nú lokið og grillvertiðin að hefjast er tilvalið að grilla svartfugls bringur.

Svartfugls bringur, ca 250gr á mann
Caj P grilllögur Orginal eða hvítlauks eða bara bæði.

Bringurnar eru látnar marinerað í caj lögnum í að lágmarki 1-2 klst við herbergis hita, ekki í kæli. Grillið hitað vel á hæsta styrk, bringurnar teknar úr leginum og látið leka af þeim í nokkrar mínútur. Bringunum raðað á grillið og steiktur í 1-2 mínútur á hvorri hlið, markmiðið er bara að loka þeim á grillinu ekki gegnum steikja

þær, það má alls ekki ofelda þær. Svo er bara að leyfa þeim að jafna sig aðeins inni á borði undir loki í ca 3-5 mínútur áður en þær eru bornar fram.

Meðlæti:

Gott er að bera fram með þessu ferskt sallat að eigin vali, bakaðar kartöflur og einhverja góða kalda sósu t.d. hvítlauks.

Köld hvítlauks sósa

1 dós sýrður rjómi
ca 2 msk graslaukur, fínt saxaður
ca 2 msk steinselja, fínt saxað
1-2 tsk sítrónu eða lime safi
2-3 hvítlauksgeirar, pressaðir
ca 2 tsk Ólívuölfa
1 tsk hunang

Salt og pipar eftir smekk

Hrærið öllu saman og geymið í ísskáp í minnst 2 klst áður en hún er borin fram.

Hlutföllum og innihalds efnum má breyta eftir smekk. Tilvalið er að fá sér sterkt gott kaffi og góða köku í eftirrætt.

Einföld skyrkaka

Kexpakki að eigin vali, t.d. LU kanilkeks eða Homeblest
500gr Skeyr með bragði að eigin vali, KEA vanillu er ágætt.
5 dl rjómi.
Sulta með bragði að eigin vali, t.d. bláberja.
Smjör, magn eftir smekk.
Hentugt form eða djúpur diskur ca 30 cm breytt og nægilega



djúpt +5cm.

Kexið mulið og blandað bráðnu smjörunu, jafnað út í botn formsins ca 1 cm lag.

Rjómi þeyttur og skyrið hrært, blandað svo varlega saman. Skeyr rjómanum jafnað yfir kexið. loks

er sultu smurt varlega yfir. Kakan er svo kæld í ísskáp lágmark 3-4 klst, í lagi að gera hana daginn áður.

Sem næsta sælkeri skora ég á nafna minn og frænda Pál Janus Þórðarson.

Marelle er hæglát og hógvær en þær systurnar sópuðu að sér verðlaunum á útskrift Menntaskólans. Þau voru of mörg til að telja upp hér en ljóst má vera að hæfileikar hennar liggja víða og nægir að nefna hvatningarverðlaun Hugvísindasviðs Háskóla Íslands vegna árangurs í tungumálum. Áhuginn á frönsku kviknaði í einni af skiptiferðum Menntaskólans til Les Sables D'Olonné en heimsmenningin á sér líka stað hjarta þessarar viðsýnu stúlku með evrópsku ræturnar.

„Klassíska menningin er auðvitað bara svo heillandi, eins og í París þegar við fórum þangað, það var ótrúlega skemmtilegt þó við værum þar bara eins og ekta túristar. Ég finn það, þannig séð, að ég á eftir að fara læra eitt-hvað sem ég get lært í París.“
arnaldur@bb.is



„Það gekk alveg ótrúlega vel miðað við aðstæður. Það var töluverð hindrun að björgunarsveitin skyldi fara í leitina í Heydal en hún hafði séð um öll atriðin við höfnina og tekið þátt í undirbúningum. Unglingadeildin gekk í þeirra störf og það gekk frábærlega. Hápunkturinn var að mörgu leiti heimsókn Landhelgisgæslunnar. 540 manns fóru í siglinguna og rúmlega 400 manns fóru og skoðuðu skipið eftir siglinguna. Það var í raun og veru rúmlega íbúafjöldi Bolungarvíkur sem kíktti um borð. Gæslumenn voru ánægðir með það og sögðu að viðtökurnar höfðu verið mjög góðar,“ segir Gústaf Gústafsson skipuleggjandi sjómannadagsins í Bolungarvík. Landhelgisgæslan var sérstaklega heiðr-

uð fyrir björgun Jónínu Brynju við Straumnes í nóvember í fyrra.

Góð stemmning var í bænum þrátt fyrir að það hafi verið dálítið kalt. Eitt af því sem hefur verið einkennandi fyrir Bolungarvík er góður afli og Gústaf hafði ekki við að mæla fiska í dorgkeppninni. „Það var rosalegur fjöldi af fiskum sem veiddist. Það var líklega meiri veiði en hefur farið framhjá vigt í langan

tíma. Þurðarsundið var mjög skemmtilegt og gekk vel. Það var gríðarleg harka í keppninni en Birna Hjaltalín stóð uppi sem sigurvegari. Fleiri kvennalið en karlalið voru í róðrakeppninni en auðvitað hafði það áhrif að það voru svo margir í leit. Sveitarstjórn Súðavíkur komst ekki til keppni því margir liðsmenn voru frá við leitina. Ómar Már Jónsson, sveitarjóri Súðavíkur, lofði því að þetta yrði tekið

upp aftur á sama tíma að ári,“ segir Gústaf.

Mikill keppnisvilji var í bæjarstjórn Bolungarvíkur sem skoraði þá á Landhelgisgæsluna í róðrakeppni staðinn. Tvennar sögur ganga um hver vann þá keppni en mjótt var á munum. „Það má segja að það hafi komið á óvart hversu samhent bæjarstjórn Bolungarvíkur var. Hápunktur sunnudagsins var kaffisamsætið í Félagsheim-

ilinu, það var gríðarlega góð mæting þar. Bjarki Friðbergsson var með ljósmyndasýningu frá sjómannslífinu í Bolungarvík og það var klappað mikið fyrir honum í lokin,“ segir Gústaf.

Sjómenn völluðu yfir úrvalslið BÍ/Bolungarvíkur í knattspyrnu og endaði leikurinn 6-0. Það hjálpaði sjómönnum aðeins að BÍ leikmenn voru setti í sjógalla og stígvél og presturinn dæmdi frekar



Góð stemmning í Bolun



Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ laugardaginn 8. júní Hreyfum okkur saman

Styrktarfélagið Göngum saman veitir árlega myndarlega fjárstyrki til íslenskra grunnrannsóknna á brjóstakrabbameini. Göngum saman leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar til heilsueflingar en hreyfing er mikilvæg forvörn gegn brjóstakrabbameini.

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður Hlaupið frá Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 3 km, 5 km og 7 km. Forskráning í versluninni Jóni og Gunnu, hjá Sjóvá og í versluninni Hlíf vikuna fyrir hlaupið.

Súðavík Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 1 km, 2 km og 3 km. Forskráning í Víkurbúðinni.

Flateyri Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Flateyri kl. 12.00. Vegalengd í boði: 1,5 km.

Suðureyri Hlaupið frá Íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 2 km og 4 km. Forskráning hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899-9562. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Patreksfjörður Hlaupið frá Bröttuhlíð sundlaug kl. 14.00. Vegalengdir í boði: 1 km, 3 km og 5 km. Frítt í sund að loknu hlaupi fyrir þær sem mæta í Kvennahlaupsbolum.

Vesturbyggð Hlaupið frá Innri Múla kl. 20.00. Forskráning hjá Kristínu Hauks í síma 616-7965.

Þingeyri Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Þingeyrarodda kl. 10.30. Vegalengd í boði: 3 km. Forskráning á Brekkugötu 42 fimmtudaginn og föstudaginn fyrir hlaup eftir kl. 16.30.

Hólmavík Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11. Vegalengdir í boði: 1 km, 3 km, 5 km og 10 km. Forskráning hjá Ingu Sig. í síma 847-4415 eða á netfangid ingasig@holmavik.is. Frítt í sund fyrir þátttakendur að loknu hlaupi.

Drangsnæs Hlaupið frá Fiskvinnslunni Drangi á Drangsnési kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 3 km og 5 km. Forskráning í Kaupfélaginu. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Ganga eða skokk, þú ræður hraðanum

Nánari upplýsingar á sjova.is

Þátttökugjald:

12 ára og yngri 1.000 kr.
Eldri en 12 ára 1.500 kr.



ngarvík

hliðholtt sjómönnum. Þetta var mjög skemmtilegur leikur og ágætur hópur að horfa á, að sögn Gústafs, en þetta var endapunkturinn á helginni sem gekk ótrúlega vel. Hann vill þakka öllum kærlega fyrir, bæði Bolvíkingum og þeim fjölmörgu gestum sem heimsóttu Víkina.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á sjómannadagshátíðinni í Bolungarvík.

– hordur@bb.is

5 JÚNÍ - 10 JÚNÍ
Ísafjarðarbið
 Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
 DD | DOLBY DIGITAL 3D | Facebook | Ísafjarðarbið | skemmtun.is

FRAMTÍÐARTRYLLIRINN
AFTER EARTH



LEITIN AÐ LEIÐINI HEIM

MÍÐVIKUDAG 5. JÚNÍ KL. 8.
FIMMTUDAG 6. JÚNÍ KL. 8.
FÖSTUDAG 7. JÚNÍ KL. 8.

HÓPUR EITURSNJALLRA TÖFRAMANNA
 FREMUR MAGNAD BANKARÁN Í MIÐRI
 SÝNINGU OG DREIFIR RÁNSFENGINUM
 TIL ÁHORFENDA. HVERNIG VAR ÞETTA GERT?



LAUGARDAG 8. JÚNÍ KL. 8.
SUNNUDAG 9. JÚNÍ KL. 8.
MÁNUDAG 10. JÚNÍ KL. 8.

FRÁ SNILLINGUNUM SEM GERÐU
ÍSALDARMYNDIRNAR OG RIO



Sunnudag 9. Júní kl 3. í 3D (þrívídd) m/ Ísl Tali



Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

✓ Allar almennar
 bílaviðgerðir
 ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
 Sími: 456 2310 / 869 6852
 Finndu mig á [facebook](#)



Öll almenn
húsasmíði

Bolungarvík
 ☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
 upplýsingar um
 réttindi og kjör
 á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta

Smáviðgerðir
 Varahlutapjónusta

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámaþjónusta
 Vestfjarða ehf

3JA HÓLFA
FLOKKUNARILÁT

3x12 lítra fyrir
 flokkun innanhúss.

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Dagar Íslands

6. júní 1914: Bifreið var notuð í fyrsta sinn til að aka brúðhjón-um til vígslu hér á landi. Vígsl-
an fór fram í Dómkirkjunni en
brúðhjónin voru Guðrún
Einarsdóttir og Gísli Sveinsson,
síðar sendiherra Íslands.

6. júní 1938: Sjómannadag-
urinn var haldinn hátíðlegur í
fyrsta sinn. Fjórdi hver Reykvík-
ingur tók þátt í hátíðarhöldunum.

7. júní 1992: Ný Herjólfur kom
til Vestmannaeyja. Skipið var
70 metra langt og gat flutt
480 farþega og 62 bíla.

8. júní 1783: Skaftáreldar
hófust með eldgosi í Laka-
gígum í Síðuafretti. Þetta er
talið eitt mesta eldgos á
Íslandi. Aldrei mun jafn mikið
hraun hafa runnið úr einu
gosi. Í kjölfar eldanna fylgdi
harðindakafli, Móðurharðindi.
Mannfellir af skorti var mikill.

9. júní 1880: Hornsteinn var
lagður að Alþingishúsinu við
Austurvöll. Húsið var byggt
„handa alþingi og söfnum
landsins“ eins og stendur á
silfurskildi á hornsteininum. Til
stóð að byggja húsið við
Bankastræti en Mældahl
húsameistari lagðist gegn
 því. Alþingi kom í fyrsta sinn
saman í húsinu 1. júlí 1881.

10. júní 1986: Fimm þúsund
króna seðill var settur í um-
ferð. Á honum er mynd af
Ragnheiði Jónsdóttur, en hún
var kona tveggja Hóla-
biskupa og annáluð
hannyrðakona.

11. júní 1994: Sveitarfélögum
fækkaði um 18 með samein-
ingu 25 eldri sveitarfélaga.

12. júní 1967: Björg Kofod
Hansen, 18 ára, var fyrst ís-
lenskra kenna til að varpa sér
út úr flugvél í fallhlíf. Þetta
gerðist fir Sandskeiði. Tveimur
árum áður hafði faðir hennar
gert slíkt hið sama.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustan 5-13 m/s og
rigning, en hægari og
skýjað með köflum um
landið austanvert.
Hiti 10-18 stig. Hljást NA-til.

Horfur á laugardag:

Hæg suðlæg eða breytileg
átt, skýjað að mestu og sums
staðar dálítil væta.

Horfur á sunnudag:

Hæg suðlæg eða breytileg
átt, skýjað að mestu og sums
staðar dálítil væta.

Krossgátan

	☺	Hor	Sund	↙	Snemma	↘	Rólegur	↙	Ávinning
	→		Um- vöndun		Stutt stund		Tónn	↘	
	↗								
						Ró			
						Rugga			
	Hæfnin			Sopa					
	Skóli			Maður					
	Hár Vitund								Ólag
	Sáran								
Jón Steingr.	↓	Korn			Sömu		Togaði		
Land		Áhöld			Forsetn.		Klakar		
Athygli						Forsetn.		Átt	
Skóli						Hellir	↓	Reið	
↘				Flik Borðandi Manni Ókunnur				↘	
↗					Útvega				
					Sömu				
Svarar						Væta		Átt	
Hljómar						Púkarnir	↓	Mjóðmína	
Titill			Org				Loga		
Upphr.			Skamm- aði				Mær Sló		
Vangá		Æði			Þrep Stafur				Lækkar
Æfða		Áleiðis			1049				
↘						Atóm			
						Ásamt			
Brum- hnappur	↘								
	Eins um V								
↘								Þófi	
Vökvi									
Öguð					Starfið			Samst.	
Þorparar					Ísl staf.				
Vetni									
↘									



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFRISTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

 1140			😊	M	Ó	Ð	U	R	Á	S	T
			Jón Steingr.		Þ			K			K
			⇒	H	E	L	D	U	R	↗	R
				E	K		Ú	T	B	Í	A
			A	R	K	A	Ð	I	R	↓	N
S	T	O	R	M		T	A	K		K	K
	Ó	K	N	A	T	Ó		J	Æ	J	A
	M		Þ	R	A	M	M	Ó	R	Ó	R
	A		Ó	A	Ð		R	A	U	L	
	T	U	R	N		Ö	R	N		F	Á
R	U	T		N	Á		M	A	S	A	R
Æ	R	A	V	I	R	T			Á	L	L
	Á	N		S	N	Ö	S	A	L	D	A
Æ	S		H	↖	U	M	M	Ö	M	↘	
	Á	V	A	N	N		A		Æ	Ð	A
	T	I	N	A		Ó	L	Ö	F		N
Á	T	T	A	M	A	K	A	L	A	U	S

Sudoku prautir

8	3				2			
		9						
7			6	5	8			4
					3	9		8
		4	9		7	6		
9		2	1					
4			8	7	6			3
						8		
		3					7	5

1			8	4	9			5
		9		2			6	
8		7			1			
				1	3	9	8	4
6	3	8	9	5				
			1			3		6
	1			3		8		
3			4	7	8			1



Föngulegur hópur Bolvíkinga sótti Ísafjörð heim í „höfuðstaðarferð“.

Bolvíkingar í höfuðstaðarferð

„Þetta er auðvitað frábær hjólastígur sem liggur frá Hnífsdal og hingað til ykkar á Ísafirði,“ sagði Helga Jónsdóttir kennari í tilefni þess að stór hópur bolvískra unglunga heimsótti bæinn í hjólréiðarferð 8-10. bekkjar Grunnskóla Bolungarvíkur. Í hópnum voru hátt í 30 manns og var ferð gerð niður á Silfurtorg þar sem með-

fylgjandi mynd var tekin. Helga sagði mikinn mun að þurfa ekki að hjóla á götunni en hjólréiðaðstaða Ísfirðinga væri til fyrirmyndar. Lögreglan fylgdi hópnum í gegnum göngin svo að allir væru öruggir.

„Það voru allflest sem áttu hjól eða gátu fengið lánað hjól og nánast öll voru í vesti. Ekki var

ónýtt að vera boðið í kringlur í Gamla Bakaríinu og á Silfurtorgi var Sjóvá svo sniðugt að gefa þeim sem ekki voru í svona gulum vestum þennan nauðsynlega öryggisbúnað.“ Hópurinn var ekki nema um það bil klukkustund að hjóla úr Bolungarvík að sögn Helgu, en samt svangur og stefndi hraðbyri í Hamraborg.

Orkan ódýrari en verðið hærra

Verðskrár Orkubús Vestfjarða hafa hækkað síðustu ár en standast þó fyllilega samkeppni við það sem best gerist annars staðar á Íslandi, að sögn Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra. Hinn háí kostnaður heimila og fyrirtækja á Vestfjörðum orsakast af því að meira er notað af orkunni til hitunar húsa með rafmagni auk þess sem að svæðið sé kalt. Því sé húshitunarkostnaður meiri þrátt

fyrir að orkuverðið sé minna. Fyrirvaralausar truflanir í raforkukerfinu séu eftir sem áður meginvandi rekstrar Orkubús Vestfjarða. Í desember árið 2012 voru yfir 25 svokallaðar fyrirvaralausar truflanir.

Á yfirstandandi ári sagði Kristján tæpan milljarð áætlaðan í fjárfestingar, en að þar væri um liði að ræða í sókn fyrirtækisins til þess að uppfylla hlutverk sitt og

starfa samkvæmt gildum sínum, sem eru þjónustulund, framsækni og áráðanleiki. „Hlutverk Orkubúsins er að fylla heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum ljósi, yl og krafti með faglegri þjónustu og stuðningi okkar við vestfirskar byggðir. Við viljum hagnýta þekkingu okkar og lausnir til að virkja krafta Vestfjarða á hagkvæman hátt og auka þannig lífs- gæði viðskiptavina okkar.“

Fjölbreytt úrval matsölustaða

Hægt er að koma 1.020 manns í sæti yfir sumartímann á matsölustöðum Ísafjarðar. Það þýðir að 39% Ísfirðinga gætu farið út að borða á sama tíma en á Ísafirði búa 2.638 manns samkvæmt tölum Hagstofunnar. Til samanburðar má geta þess að á Akureyri eru matsölustaðir með rými fyrir 33% bæjarbúa en í Reykjavík er aðeins pláss fyrir 6% borgarbúa á matstölustöðum bogarinnar.

„Það sem mér finnst athyglisvert er að hér séu átta staðir með vínveitingaleyfi og það er fjölbreytt útlaf af veitingastöðum. Það er magnað að þeir virðast allir geta lifað af og starfað í sátt og samlyndi. Það má einnig hafa í huga að það sem hjálpar þessum stöðum til að lifa erfiðu mánuðina af eru allar þessar bæjarhátíðir eins og Við Djúpið, Fossavatnsgangan, Aldrei fór ég suður, Mýr-

arboltinn og Act alone. Það gerir það að verkum að staðirnir geta lifað að allt árið,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstóri Ísafjarðarbæjar.

Þeir matsölustaðir sem taldir voru á Ísafirði eru Tjörúhúsið, Húsið, Edinborg – Bistro Café Bar, Faktorshúsið, Hamraborg, Thai Koon, Hótel Ísafjörður, Kaffi Ísól, Bræðraborg, Subway, Gamla bakaríið og Bakarinn.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Hveravöllum rækta hjónin Páll og Heiðbjört íslenska tómata. Þar hefur sama fjölskyldan ræktað grænmeti óslitið frá árinu 1904. Þau búa að gamalli fjölskylduuppskrift að kryddsultu úr tómötum sem gott er að nota á brauð og kex.

- Fjölskyldusulta Páls og Heiðbjartar -

1 laukur // 4-6 tómatar // 1 græn paprika // 2 msk ólífuolía // ½ tsk cayenapípar
4 negulnaglar // 1 kanilstöng // ½ tsk af salti // 2 msk af hráskyri // 2 tsk af sitrónusafa.
Handfylli af söxuðum kóriander eða basil til að setja rétt undir lokin.

Skera grænmetið í litla bita. Hita oliuna og skella grænmetinu á pönnuna ásamt kryddum, sjóðið niður í 40-45 mín, hræra í annað veifið, eða þar til að allt er orðið vel maukað. Kæla niður. Fjarlægja negul og kanilstöngina. Njótið vel!

